Mikla norræna leggur 10 danskar milljónir til jarðstöðvarsmíði

Samningur ríkisstjórnar Íslands og Mikla norræna ritsímafélagsins um byggingu og rekstur jarðstöðvar hér á landi var undirritaður í samgönguráðuneytinu í gær.

Áætlaður kostnaður við byggingu jarðstöðvarinnar er um einn milljarður króna á núgildandi gengi. Af því greiðir Mikla norræna ritsímafélagið 37,5% í samræmi við eignarhluta sinn. Stöðin ætti að vera tilbúin til notkunar 1979.

Í stuttu ávarpi, sem Halldór E. Sigurðsson samgönguráðherra flutti er samningurinn hafði verið undirritaður, kvað hann eftirfarandi atriði veigamest:

1. Ríkisstjórnin og félagið reisa og reka í samvinnu jarðstöð á Íslandi, sem er að meirihluta eign Íslands og er stefnt að því að slíkt samband komist á í ársbyrjun 1979, jafnframt verða núverandi sæstrengir til Evrópu og Ameríku nýttir í þágu fjarskipta við Ísland til ársloka 1985.
2. Eignarhluti félagsins verður 10 millj. d.kr., sem er áætlað að nemi 37,5% af heildarkostnaði. Tekjum er skipt þannig að félagið mun hafa eðlilega nýtingu sæstrengjanna til 1985 og getur afskrifað á eðlilegum tíma framlag sitt til stöðvarinnar. Hins vegar er tekjuhluti félagsins bundinn við ákveðið mark, og það sem ofan við það mark er rennur til Íslands óskipt.
3. Eignaraðild félagsins er miðuð við afskriftartíma stöðvarinnar, eða 13 ár, eða til ársloka 1991 og verður stöðin þá að fullu eign Íslands án nokkurrar greiðslu til félagsins. Eftir árslok 1965 hefur ríkisstjórnin hins vegar innlausnarrétt á hluta félagsins í jarðstöðinni.
4. Sjónvarps- og dagskrárrásir verða að öllu leyti á vegum Íslands. Sjónvarpinu gefst nú kostur á að fá fréttamyndir frá útlöndum samdægurs.
5. Til ársloka 1985 eru gjaldskrár samningsmál beggja eignaraðila, en eftir það er ákvörðunin í slíkum málum alfarið í höndum Íslendinga.
6. Við opnun jarðstöðvarinnar er gert ráð fyrir að teknar verði í notkun 24 talrásir til Evrópu, en áætlað er að heildarrásafjöldinn verði kominn upp í 148 árið 1986.

Stöðinni hefur ekki verið ákveðinn staður, en ljóst er að hún verður reist í nágrenni Reykjavíkur.

-ÓV.

Aðalskoðun bifreiða í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 1977,

verður sem hér segir:

Borgarnes	21. marz kl. 9—12 og 13—16.30
Borgarnes	22. marz kl. 9—12 og 13—16.30
Borgarnes	23. marz kl. 9—12 og 13—16.30
Borgarnes	24. marz kl. 9—12 og 13—16.30
Borgarnes	28. marz kl. 9—12 og 13—16.30
Borgarnes	29. marz kl. 9—12 og 13—16.30
Borgarnes	30. marz kl. 9—12 og 13—16.30
Borgarnes	31. marz kl. 9—12 og 13—16.30
Borgarnes	12. apríl kl. 9—12 og 13—16.30
Borgarnes	13. apríl kl. 9—12 og 13—16.30
Borgarnes	14. apríl kl. 9—12 og 13—16.30
Borgarnes	15. apríl kl. 9—12 og 13—16.30
Logaland	18. apríl kl. 10—12 og 13—16.00
Lambhagi	19. apríl kl. 10—12 og 13—16.00
Olíustöðin	20. apríl kl. 10—12 og 13—16.00

Aukaskoðun verður í Borgarnesi 27.—29. apríl, að báðum dögum meðtöldum, í Lambhaga og Olíustöðinni 2. maí á sama tíma.
Við skoðun ber að framvísa kvittun fyrir greiddum bifreiðagjöldum, staðfestingu á gildri ábyrgðartryggingu og ökuskírteini.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu,
14. marz 1977.

Baltazar með sýningu á Kjarvalsstöðum

„Mér finnst gaman að mála úr þjóðsögum og hér á sýningunni eru myndir úr sögunni Djáknanum á Myrká," sagði Baltazar listmálari, en sýning hans verður opnuð klukkan tvö í dag á Kjarvalsstöðum.

Baltazar er spánskur en hefur verið búsettur hér á landi í mörg ár og er landsmönnum að góðu kunnur. Á sýningunni eru 50 olíumálverk sem flest eru til sölu. Baltazar sýnir einnig 40 teikningar en þær eru af öllum bændum í Grímsnesinu. Þær eru gerðar á árunum 1965-66. Teikningarnar eru allar í einkaeign.

Á meðan á sýningunni stendur verða dansaðir spánskir dansar á eftirtöldum dögum: 20/3 kl. 5 — 24/3 kl. 9 — 26/3 kl. 5 — 31/3 kl. 9 — 2/4 kl. 9 — 3/4 kl. 5.

Dansarar eru: Guðbjörg Björgvinsdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir, Oddrún Þorbjörnsdóttir, Björn Sveinsson, Ólafur Ólafsson og Örn Guðmundsson. Undirleik annast Helga Ingólfsdóttir, Míreya Baltazardóttir og Þórir Hrafnsson.

Sýningin verður opin til 3. apríl.

-KP



Baltazar og sonur hans ræða saman um myndina Návistina en hún er úr sögunni um Djáknann á Myrká. DB-mynd Bjarnleifur.

Styrkið neyðarvarnir
RAUÐA KROSS ÍSLANDS

360 börn í ellefu kórum halda tónleika

Ellefu kórar með um 360 nemendum taka þátt í fyrsta landsmóti íslenzkra barnakóra um helgina. Það er Tónmenntarkennarafélag Íslands sem fyrir mótinu stendur.

Börnin í kórunum ellefu hittust í morgun til æfinga og í kvöld er ráðgerð hjá þeim kvöldvaka í Vogaskóla en á morgun verður aðalhluti mótsins, opinberir tónleikar í Háskólabíói kl. 13. Þar koma kórarnir fram hver fyrir sig og einnig sameiginlega. M.a. verður frumflutt nýtt lag eftir Jón Ásgeirsson tónskáld sem hann samdi sérstaklega af tilefni mótsins við kvæði Tómasar, Garðljóð.

Markmið mótsins er að efla tónmennt í skólum og örva kórsöng. Kórstarfsemi á víða erfitt uppdráttar. Hún er háð velvild skólastjóra því ekki er gert ráð fyrir henni í stundaskrá grunnskóla. Þrátt fyrir það fer áhugi á kórsöng vaxandi. Baráttumál Tónmenntarkennarafélagsins er því að kórstarfinu verði afmarkaður starfsgrundvöllur með ákvæðum um lágmarkskórtímafjölda í stundaskrá grunnskóla.

POWERLINE

Rafmagnsvörurnar vinsælu



VAC-PAC ryksugan
Fyrir bílinn, bílskúrinn, verkstæðið og heimilið. Kraftmikil og sterk.
Varð aðeins:
28.250 — 5 gallon
34.460 — 10 gallon



969 málningarsprautan
Fyrir bílinn, heimilið, úðun garða og margt fleira.
Varð aðeins 9.900 með 5 aukastútum.

PÓSTSENDUM

S. Sigmannsson & Co.
Ingólfsstræti 6.
Sími 24277.

LEIGUMIÐLUNIN
Húsakjör
VESTURGÖTU 4 — SÍMI 12850

Höfum opnað leigumiðlun, þar sem við sjáum um að leigja íbúðir yðar að kostnaðarlausu

- Við sjáum um að finna einmitt það fólk sem þér óskið.
- Sjáum um að ganga frá samningum og innheimta húsaleiguna.
- Reynið viðskiptin — Við erum ávallt reiðubúnir að liðsinna yður.

Opið mán.—föstud. 1—10 e.h.
Laugardaga 1—6 e.h.

Hvað kosta lífsgæðin?

Erindi fréttamanns í Norræna húsinu

Per Runeson, fréttamaður við sænska sjónvarpið, flytur erindi í Norræna húsinu á morgun, sunnudag, kl. 16. Erindið nefnist „Vad är priset för välfärd?" Í tengslum við erindið er ljósmyndasýning í bókasafni hússins um helgina, sem sýnir dæmi þess hvaða verði mannkynið kaupir lífsgæði háþróaðs tækniþjóðfélags.

Erindi og ljósmyndum er ætlað að leiða í ljós hver áhætta það er þegar dreifbýlingar flytja umvörpum í þéttbýlið með þeirri afleiðingu að annars vegar verður eyðibyggð, hins vegar „slömm" borganna. Nokkrar myndanna á sýningunni eru teknar af Gerði Arnórsdóttur.